

GJALDSKRÁ

fyrir sorpförgun og hreinsun rotþróa í Fljótsdalshreppi.

1. gr.

Gjaldtökuheimild.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti á fundi sínum 7. desember 2023 eftirfarandi gjaldskrá fyrir förgun sorps og hreinsun rotþróa. Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum í 8. og 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Sorphirðu- og rotþróargjöld.

<i>Flokkur</i>	<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Árleg upphæð kr.</i>
A	Sorphirðugjald, með þjónustu, á heimili	21.000
B	Sorphirðugjald á sumarhús, án þjónustu en með aðgangi að gámasvæði við Végarð	15.000
C	Rotþróargjald á hverja rotþró minni en 6 m ³	22.000
D	Rotþróargjald á hverja rotþró stærri 6 m ³	30.000

3. gr.

Samþykkt og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í hreppsnefnd Fljótsdalshrepps 7. desember 2023. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur gjaldskrá nr. 1574/2022, fyrir sorpförgun og hreinsun rotþróa í Fljótsdalshreppi, úr gildi.

Végarði, 12. desember 2023.

Helgi Gíslason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 28. desember 2023